

Föstudaginn 7. maí 1993.

Nr. 171/1993. **Valgerður Sigurbergisdóttir og
Konráð Vilhjálmsson**

gegn

**framleiðsluráð landbúnaðarins
landbúnaðarráðuneytinu,
fjármálaráðuneytinu og
Jónasi Vilhjálmssyni.**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1993, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Þau gera þær dómkröfur, að frávísunarúrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 24. mars sl. verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður. Til vara krefjast þau þess, að kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður svo og málskostnaður í héraði og að krafa framleiðsluráðs landbúnaðarins um ómerkingu ummæla verði ekki tekin til greina.

Varnaraðilar framleiðsluráð landbúnaðarins og landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Ekki hefur borist greinargerð frá varnaraðila Jónasi Vilhjálmssyni og engar kröfur gerðar af hans hálfu.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, var málatilbúnaði sóknaraðila í héraði mjög ábótavant. Við þingfestingu málsins í héraði 26. mars 1992 komu fram breyttar dómkröfur frá því, sem var í stefnu. Er kröfugerð þeirra óskýr og ruglingsleg og málsástæður ekki hnitmiðaðar. Er þetta í brýnni andstöðu við c- og d-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar höfðuðu framhaldssök, sem þingfest var 25. júní 1992. Skilyrðum 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 um höfðun framhaldssakar

var ekki fullnægt. Þegar af þessum ástæðum ber að vísa málinu frá héraðsdómi. Þá er og staðfest ákvörðun héraðsdómara varðandi ómerkingu ummæla sóknaraðila í greinargerð þeirra í héraði.

Málskot þetta er að ófyrirsynju, og ber sóknaraðilum, sbr. 131. gr. laga nr. 91/1991, að greiða varnaraðilum málskostnað, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Valgerður Sigurbergsdóttir og Konráð Vilhjálmsson, greiði varnaraðilum framleiðsluráði landbúnaðarins 35.000 krónur í kærumálskostnað og landbúnaðar- og fjármálaráðuneytum 35.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum um ástæður þess, að vísa beri máli sóknaraðila frá héraðsdómi. Á hinn bóginn er á það að líta, að málinu er beint gegn opinberum aðilum, sem löggjafinn hafði falið viðtækt vald til að sýsla um atvinnuhagsmuni sóknaraðila. Mótun dómkrafna og málsástæðna varðandi þá hagsmuni er mikið vandaverk, eins og sóknaraðilar hafa viðurkennt. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að dæma varnaraðilum kærumálskostnað, enda þurftu þau ekki annars við hér fyrir dómi en ítreka þau sjónarmið, sem þegar var lýst þeirra megin.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands 24. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávisunarkröfu allra aðalstefndu 24. febrúar sl., hafa Valgerður Sigurbergsdóttir og Konráð Vilhjálmsson, Ytri-Brekkum II, Akrahreppi, Skagafirði, höfðað fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu með stefnu, þingfestri 26. febrúar 1992, á hendur Gísla Karlssyni fyrir hönd framleiðsluráðs landbúnaðarins, kt. 560169-3479, Bændahöllinni við Hagatorg, Reykjavík, Jóhannesi Torfasyni fyrir hönd framleiðnisjóðs landbúnaðarins, kt. 590986-1789, Laugavegi 120, Reykjavík, landbúnaðar-

ráðherra fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, fjármálaráðherra fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, Jónasi Vilhjálmsyni, Ytri-Brekkum I, Akrahreppi, Skagafirði, stefndist aðallega og til vara, til réttargæslu stefndist Agli Bjarnasyni fyrir hönd Búnaðarsambands Skagafjarðar og Halldóri Þ. Jónssyni sýslumanni fyrir hönd þess stjórnssýsluhafa, sem sá um skipti jarðarinnar Ytri-Brekkna, Akrahreppi, Skagafirði. Réttargæslustefndu hafa ekki gert kröfur í máli þessu.

Dómkröfur stefnenda.

Í stefnu gera stefnendur eftirfarandi dómkröfur:

1.0. Viðurkenningarkrafa.

Að viðurkennt verði með dómi, að úrskurðir yfirbúmarksnefndar framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 25. júní 1985 og 15. maí 1986 um búmark stefnenda hafi verið ólögmætir með öllu og að stefnendum hafi borið sams konar búmark og kom í hlut stefnda Jónasar Vilhjálmssonar, Ytri-Brekkum I, þegar honum var úthlutað 520 ærgildum í mjólk og 40 ærgildum í sauðfé. Stefnendum hafi aldrei borið lægra búmark en 440 ærgildi í mjólk eða sauðfé, og hafi búmarkið átt að gilda frá 15. maí 1986.

2.0. Skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar.

2.1. Þess er krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands vegna aðgerða framleiðsluráðs landbúnaðarins verði dæmdur til að greiða stefnendum í skaðabætur 3.555.508 kr. ásamt dráttarvöxtum [...].

2.2. Til vara er þess krafist, að framleiðnisjóður landbúnaðarins verði dæmdur til að greiða þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir 2.1.

2.3. Til þrautavara er þess krafist, að Jónas Vilhjálmsson, Ytri-Brekkum I, Akrahreppi, Skagafirði, verði dæmdur til að greiða stefnendum þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir kröfulið 2.1., til helminga með þeim vaxtafæti, sem þar er tilgreindur.

3.0. Skaðabótakrafa vegna byggingar fjóss og fjárhúsa.

Þess er krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins verði gert að greiða stefnendum skaðabætur vegna byggingar fjóss og fjárhúsa að Ytri-Brekkum II, 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. 12. 1989 til greiðsludags, og leggist vaxtavextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1990.

4.0. Miskabótakrafa.

Í öllum ofangreindum tilvikum er þess krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins og Jónas Vilhjálmsson verði dæmdir in solidum til að greiða stefnendum miskabætur, 2.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1990 til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

5.0. Málskostnaðarkrafa.

Í öllum ofangreindum tilvikum er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað [...].

Í greinargerð stefnenda breyttust kröfur þeirra þannig, að gerðar eru sömu kröfur og í stefnu að öðru leyti en því, að framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðarráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Jónasi Vilhjálmssyni er stefnt in solidum til greiðslu umkrafinna skaðabóta og miskabóta í málinu. Fallið er frá varakröfu á hendur framleiðnisjóði landbúnaðarins. Jónasi Vilhjálmssyni er einnig stefnt til vara til greiðslu skaðabóta og miskabóta.

Við þingfestingu málsins 26. mars 1992 lögðu stefnendur fram dskj. nr. 48, er varðar dómkröfur í máli þessu.

Þar verða breytingar á kröfugerð stefnenda, og hljóða kröfur þeirra þannig:

1.0. Viðurkenningarkrafa.

Þess er krafist, að stefndu verði að þola, að viðurkennt verði með dómi, að úrskurðir yfirbúmarksnefndar framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 25. júní 1985 og 15. maí 1986 um búmark stefnenda hafi verið ólögmatir með öllu.

2.0. Skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum í skaðabætur 3.555.508 kr. ásamt dráttarvöxtum af 677.210 kr. frá 1. 12. 1987 til 1. 12. 1988, en af 1.464.033 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1989, en af 2.458.744 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1990, en af 3.555.508 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti.

3.0. Skaðabótakrafa vegna bygginga.

Þess er krafist, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnendum skaðabætur vegna byggingar fjóss og fjárhúsa að Ytri-Brekkum II, 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1989 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1990.

4.0. Miskabótakrafa.

Þess er krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 2.000.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1990 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

5.0. Varakrafa.

Ef ofangreind skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar verður ekki tekin til greina, er þess krafist, að stefndi Jónas Vilhjálmsson verði dæmdur til að greiða stefnendum þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir 2.0., til helminga með þeim vaxtafæti, sem þar er tilgreindur.

6.0.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar, eins og segir í stefnu.

Stefnendur settu enn fram kröfur í framhaldsstefnu, sem þingfest var 25. júní 1992.

Í framhaldsstefnu kemur fram, að í henni séu endanlegar dómkröfur stefnenda, og komi þær í stað dómkrafna í stefnu. Kröfur skv. framhaldsstefnu eru þessar:

1.0. Viðurkenningarkrafa.

Þess er krafist, að allir stefndu verði að þola, að viðurkennt verði með dómi, að úrskurðir búmarksnefndar og yfirbúmarksnefndar framleiðslu-ráðs landbúnaðarins frá 25. júní 1985 og 15. maí 1986 hafi verið ólögmætir með öllu.

2.0. Skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum í skaðabætur 3.555.508 kr. ásamt dráttarvöxtum af 677.210 kr. frá 1. 12. 1987 til 1. 12. 1988, en af 1.464.033 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1989, en af 2.458.744 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1990, en af 3.555.508 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti.

3.0. Skaðabótakrafa vegna bygginga.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum skaðabætur vegna byggingar fjóss og fjárhúsa að Ytri-Brekkum II, 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. 12. 1989 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

4.0 Miskabótakrafa.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 2.000.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1990 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

5.0. Varakrafa.

Ef ofangreind skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar (2.0.) verður ekki tekin til greina, er þess krafist, að stefndi Jónas Vilhjálmsson verði dæmdur til að greiða stefnendum þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir lið 2.0. hér að ofan, til helminga með þeim vaxtafæti, sem þar er tilgreindur.

6.0.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar, eins og segir í stefnu.

Dómkröfur stefndu landbúnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins í aðal- og framhaldssök eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá

dómi og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins.

Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra in solidum að mati réttarins.

Til þrautavara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda framleiðsluráðs landbúnaðarins eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi í heild sinni eða einstökum liðum, eftir því sem dómurinn telji efni til.

Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Til þrautavara er þess krafist, að fjárkröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar.

Að því er allar fjárkröfur varðar, er þess krafist, að ábyrgð stefndu verði aðeins dæmd pro rata, ef hún er talin vera fyrir hendi og fjárkröfur stefnenda sæta ekki frávisun.

Þá er þess krafist, að svohljóðandi ummæli, sem fram eru sett á bls. 13 í greinargerð lögmanns stefnenda á dskj. nr. 2, verði dæmd ómerk:

„Stefnendur telja, að framkoma ofangreindra stjórnvalda við þau hafi verið með þeim hætti, að þau hafi hlotið varanlega andúd á opinberu kerfi, sem sé í sjálfu sér mjög bagalegt, þar sem mikilvægt sé í þjóðfélagi okkar, að hægt sé að treysta opinberum aðilum og að þegnarnir þurfi ekki að vera sífellt á verði gagnvart þessum stjórnvöldum, líkt og um sé að ræða „gestapó“-lögreglu eða eitthvað ennþá ógnarlegra.“

Einnig er þess krafist, að eftirfarandi ummæli í næstneðstu málsgrein á bls. 12 í greinargerð lögmanns stefnenda á dskj. nr. 2 verði dæmd ómerk:

„Ljóst sé, að braskað hafi verið með réttindi stefnenda, og hafi í því efni stjórn viðkomandi búnaðarsambands og framleiðsluráð landbúnaðarins átt hlut að máli.“

Loks er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefnenda [...].

Dómkröfur stefnda framleiðsluráðs landbúnaðarins í framhaldssök eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda í framhaldssök. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi framhaldsstefnenda ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Jafnframt eru fyrri kröfur ítrekaðar, einkum frávisunarkröfur.

Dómkröfur stefnda Jónasar Vilhjálmssonar eru þessar, bæði í frumsök og framhaldssök:

Aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar stórlega.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins.

Þá er þess krafist, að eftirfarandi ummæli, sem sett eru fram um stefnda á bls. 6 í stefnu, verði dæmd ómerk:

„Skaðabótakröfu sína á hendur stefnda Jónasi reisa stefnendur á því, að stefndi Jónas hafi beitt þau svikum og valdið þeim tjóni.“

— — —

Niðurstaða.

Mál þetta, sem þingfest var á aukadómþingi Skagafjarðarsýslu 26. febrúar 1992, fluttist með vísan til 164. gr. laga nr. 91/1991 til Héraðsdóms Norðurlands vestra.

Þegar virða skal, hvort vísa beri máli þessu frá dómi, skal hafa hliðsjón af g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnendur kveðast í stefnu þurfa að höfða mál á hendur framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þá er Jónasi Vilhjálmsyni stefnt til vara, aðallega og til vara. Loks er Halldóri Þ. Jónssyni og Agli Bjarnasyni stefnt til réttargæslu, en þó verður ekki annað ráðið af stefnu en öllum stefndu sé stefnt til að þola viðurkenningu og greiðslu dómkrafna. Stefnendur hafa á síðari stigum fallið frá kröfum á hendur réttargæslustefndu.

Í stefnu eru kröfur sundurliðaðar í fimm meginþætti. Þar er þess m. a. krafist, að fjármálaráðherra verði vegna aðgerða framleiðsluráðs landbúnaðarins gert að greiða stefnendum skaðabætur. Til vara er þess krafist, að framleiðnisjóður landbúnaðarins verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, en til þrautavara, að Jónasi Vilhjálmsyni verði gert að greiða skaðabótakröfuna til helminga. Kröfu um skaðabætur vegna bygginga er beint að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins. Miskabótakröfu er í öllum ofangreindum tilvikum beint gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins og Jónasi Vilhjálmsyni in solidum.

Í greinargerð stefnenda segir, að sömu kröfur séu gerðar og greinir í stefnu nema að því leyti, að framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðarráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Jónasi Vilhjálmsyni sé stefnt til að greiða umkrafðar dómkröfur in solidum. Í greinargerð falla stefnendur frá varakröfu á hendur framleiðnisjóði landbúnaðarins og Jónasi Vilhjálmsyni, en honum einnig stefnt til vara.

Af dómskjali nr. 48 verður ekki annað ráðið en þess sé krafist, að stefndu verði að þola að verða in solidum dæmdir til að greiða allar dómkröfur málsins og jafnframt að þola viðurkenningarkröfu (1.0. í stefnu).

Þegar þetta er virt, verður annað ekki ráðið en aukin kröfugerð sé höfð

uppi í greinargerð á hendur framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðar-ráðherra og Jónasi Vilhjálmssyni. En dskj. nr. 48 verður ekki skilið á annan máta en krafist sé, að öllum stefndu sé in solidum gert að þola sama dóm í málinu. Þessi málatilbúnaður, sem er bæði óskýr og reikull, er ekki í samræmi við c-lið 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í stefnu vísa stefnendur til ýmissa lagaákvæða, þar á meðal helstu megin-reglna stjórnarfarsréttar, skaðabótaréttar og 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu án þess að tilgreina sérstaklega, hvernig þau varði sakarefnið. Úr þessum vanköntum er ekki bætt í greinargerð nema að óverulegum hluta, og er þetta í andstöðu við e-lið 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936. Þá var ekki heimilt án samþykkis stefndu að bæta úr þessum göllum með framhalds-stefnu. Þá er rétt að fallast á með stefndu, að í framhaldsstefnu sé skrif-legur málflutningur um frávísunarkröfur stefndu. Með vísan til framan-ritaðs verður þegar af þessum ástæðum ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

Stefndu framleiðsluráð landbúnaðarins og Jónas Vilhjálmsson hafa sett fram kröfur um, að áður tilvitnuð ummæli stefnenda í greinargerð þeirra verði í úrskurði þessum dæmd ómerk. Telja verður, að héraðsdómara sé heimilt með hliðsjón af 135. og 136. gr. laga nr. 91/1991 að ómerkja ummæli, sem fram eru sett í máli, án þess að réttarfarssekt sé dæmd vegna þeirra, enda varði þau ekki efni máls. Eftirfarandi ummæli stefnenda: „..... og að hægt sé að treysta opinberum aðilum og að þegnarnir þurfi ekki sifellt að vera á verði gagnvart þessum stjórnvöldum, líkt og um sé að ræða „gestapó“-lögreglu eða eitthvað ennþá ógnarlegra“, eru bæði móðgandi og meiðandi. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja þau. Önnur ummæli, sem krafist er ómerkingar á, varða efnishlið máls, og stefnendur reisa kröfur sínar m. a. á þessum fullyrðingum, og verður því ekki unnt að taka kröfu um ómerkingu þeirra til greina í úrskurði um formhlið máls.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnendur til að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr. til landabúnaðar- og fjármálaráðherra, 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til framleiðsluráðs land-búnaðarins og 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til Jónasar Vilhjálmssonar.

Það er aðfinnsluvert, að eintökum stefnu og greinargerðar, sem liggja frammi í dóminum, hefur verið breytt með handritun, án þess að ljóst sé, frá hverjum sú breyting stafar.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Ofangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Stefnendur greiði 50.000 kr. í málskostnað til landbúnaðar- og fjármálaráðherra, 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til framleiðsluráðs landbúnaðarins og 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til Jónasar Vilhjálmssonar.
